Biófréttir

Dönsuðu beint á toppinn

Það hlaut að koma að því að Cast Away félli af toppi bandaríska listans en sjálfsagt hafa fáir þorað að spá því að unglingamyndin Save the Last Dance myndi valda því. Sú varð nú samt raunin. Unga fólkið hafði greinilega beðið eftir myndinni og streymdi í bíó. Fjallar myndin um unga stúlku, Söru (Julia Stiles), sem hafði stundað ballett frá barnsaldri en lagt dansskóna á hilluna. Hún tekur þá fram aftur þegar hún kynnist ungum svörtum manni, breytir um stíl og dansar nú við tónlist svartra. Í sjöunda sæti kemur einnig ný kvikmynd, Double Take, gamanmynd um bankamann og smákrimma sem ákveða að skipta um hlutverk. Ef vinsældir Save the Last Dance komu á óvart kom ekki síður á óvart hversu fáir komu að sjá spennumyndina Antitrust sem einnig var beint að unga fólkinu. Virðast dagar hennar vera taldir strax í fyrstu umferð. Að öðru leyti eru ekki breytingar á listanum. Crouching Tiger, Hidden Dragon er enn sem fyrr með mestu aðsókn á bak við sig ef miðað er við fjölda bíósala þrátt fyrir að þeim hafi verið fjölgað um meira en helming frá fyrri viku.

-HK



Save the Last Dance
Julia Stiles fyrir miðri mynd í hlutverki Söru sem ekkert vill frekar en dansa.

HELGIN 12. til 14. janúar

ALLAR UPPHÆÐIR Í ÞÚSUNDUM BANDARÍKJADOLLARA.

SÆTI	FYRRI VIKA	TITILL	HELGIN :	INNKOMA ALLS:	FJÖLDI BÍÓSALA
1	_	Save the Last Dance	24.000	24.000	2230
2	1	Cast Away	17.145	165.126	3048
3	3	Traffic	11.172	33.075	1527
4	2	What Women Want	10.500	152.419	3092
5	31	Thirteen Days	10.225	10.861	2029
6	13	Finding Forrester	10.200	19.600	2002
7	_	Double Take	10.000	10.000	1631
8	4	Miss Congeniality	9.355	78.176	2668
9	10	Crouching Tiger, Hidden Dragon	8.212	28.207	693
10	5	The Family Man	5.900	64.500	2446
11	6	The Emperor´s New Groove	5.700	69.400	2237
12	-	Antitrust	5.200	5.200	2432

Tom Cruise á toppinn

Háspennumyndin Mission Impossible: II komst á topp myndbandalistans í annarri tilraun. Mynd þessi á sjálfsagt eftir að lifa góðu lífi á myndbandalistanum næstu vikurnar enda með betri afþreyingarmyndum. Big Momma's House er einnig ágæt afþreyingarmynd og kemur hún ný inn á listann í annað sætið. Í henni leikur Martin Lawrence lögregluþjón sem bregður sér í gervi 150 kílóa ömmu til að nálgast morðingja sem lögreglan leitar að. Martin Lawrence er kannski enginn Eddie Murphy en hann á góða spretti í myndinni. Franska myndin Taxi II kemur einnig ný inn á listann. Um er að ræða framhaldsmynd þar sem þeyst er um borgir í Frakklandi á ógnarhraða. Eins og oft vill verða um framhaldsmyndir þá einkennir þær hugmyndaleysi og er Taxi II engin undantekning í þeim efnum, er nánast eftiröpun af fyrri myndinni. Í átjánda sæti listans má svo sjá enn eina nýja mynd, Holy Smoke, umdeilda kvikmynd eftir Jane Campion (Piano) með Kate Winslett og Harvey Keitel í aðalhlutverkum.

Big Momma's House.
Ný mynd á listanum sem stekkur beint í annað sætið.

Vikan 8. - 14. janúar

SÆTI	FYRRI VIKA	TITILL (DREIFINGARAÐILI)	VIKUR Á LISTA
1	3	Mission Impossible: II (SAM MYNDBÖND)	2
2	_	Big Momma's House (SKÍFAN)	1
3	1	Me, Myself & Irene (SKÍFAN)	4
4	_	Taxi 2 (GÓÐAR STUNDIR)	1
5	5	28 Days (SKÍFAN)	3
6	2	Gone in 60 Seconds (SAM MYNDBÖND)	4
7	6	Rules of Engagement (MYNDFORM)	3
8	4	Keeping the Faith (MYNDFORM)	5
9	7	Under Suspicion (GÓÐAR STUNDIR)	3
10	11	Battlefield Earth (MYNDFORM)	2
11	9	Gladiator (SAM MYNDBÖND)	7
12	8	Romeo Must Die (SAM MYNDBÖND)	5
13	10	Perfect Storm (SKÍFAN)	6
14	14	The Cider House Rules (SKÍFAN)	4
15	12	Frequency (MYNDFORM)	7
16	13	Drive Me Crazy (SKÍFAN)	5
17	16	Erin Brockovich (SKÍFAN)	11
18	_	Holy Smoke (SKÍFAN)	1
19	19	Three to Tango (SAM MYNDBÖND)	9
20	18	Hanging up (SKÍFAN)	8

Gullpenslarnir

Það var mikið um dýrðir á Kjarvalsstöðum um helgina þegar sýning Gullpensilsins, sem er hópur margra kunnustu listamanna landsins, var opnuð með pompi og prakt. Flestir eiga listamennirnir að baki fjölda einka- og samsýninga en listamennirnir fjórtán, sem skipa Gullpensilinn, hafa ekki áður sýnt saman. Listamennirnir eru: Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Hallgrímur Helgason, Helgi Þorgils Friðjónsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Jóhann L. Torfason, Jón Bergmann Kjartansson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Þorri Hringsson.



Hvað skyldi þetta nú vera?
Opnunargestur veltir fyrir sér uppbyggingu listaverks eftir Ingu Þóreyju Jóhannsdóttur.



Sýningin sett
Þorri Hringsson gullpensill hélt ávarp við opnun sýningarinnar. Álengdar stendur Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.



Feðgar skoða sýningu
Listamaðurinn Kristinn Harðarson ásamt syni sínum, Theódóri.



Ráðherra mættur
Sturla Böðvarsson var viðstaddur er sýningin var opnuð ásamt eiginkonu sinni, Hallgerði Gunnarsdóttur.



Léttir í lund
Það er létt yfir þeim Þórði og Helga Þorgils Friðjónssonum og Hallgrími Helgasyni en tveir hinir síðarnefndu eiga verk á sýningunni.

Ert þú ferskur starfskraftur?

Subway auglýsir eftir jákvæðu og fersku ungu fólki til að vinna á lifandi og skemmtilegum vinnustað. Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði. Hjá Subway er ferskleikinn ávallt í fyrirrúmi, hvort sem um ræðir gómsæta kafbátana eða starfsfólkið sem gerir þá.



SUBWAY™
Ferskleiki er okkar bragð.

Umsóknareyðublöð á Subway stöðunum og á skrifstofu Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Spönginni Grafarvogi • Esso-stöðinni Ártúnshöfða • Við Faxafen • Austurstræti • Kringlunni
Esso-stöðinni Reykjavíkurvegi Hafnarfirði • Hafnargötu Keflavík • Kaupvangsstræti Akureyri